



## **Reykjavíkurborg**

Úttekt á fjárhagsstöðu  
30. júní 2006

Endurskoðunarsvið  
Október 2006

Reykjavíkurborg  
Hr. Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri  
Ráðhúsi Reykjavíkur  
101 Reykjavík

Reykjavík, 4. október 2006

Með vísan til bréfs borgarstjóra dags. 26. júní 2006 hefur KPMG framkvæmt úttekt á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar. Úttektin er gerð í framhaldi af samþykkt borgarráðs hinn 15. júní 2006. Samþykktin er svohljóðandi:

*Borgarráð samþykkir að fela óháðum aðila að gera úttekt á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar, þ.e. borgarsjóðs og fyrirtækja borgarinnar, m.v. 1. júní 2006. Jafnframt verði skoðað hvernig fjárhagsstaðan hefur þróast frá árinu 1994 og lagt sérstakt mat á rekstrarárangur borgarsjóðs á síðustu árum, m.a. með samanburði við afkomu annarra sveitarfélaga. Þá verði einnig lagt mat á hversu raunhæfar samþykktar fjárhagsáætlanir til næstu þriggja ára eru. Reynt verði að hraða úttektinni þannig að niðurstöður geti legið fyrir sem fyrst.*

Eftirfarandi úttekt okkar og efnistöð miðast við framangreinda samþykkt borgarráðs. Starfsmenn fjármálasviðs Reykjavíkurborgar unnu árshlutauppgjör miðað við 30. júní 2006 fyrir borgina og fyrirtæki hennar sem fjallað er sérstaklega um í skýrslu okkar. Ákvörðun var tekin af stjórnendum borgarinnar um að úttekt okkar skyldi miðast við 30. júní 2006 í stað 1. júní 2006 eins og fram kemur í samþykkt borgarráðs, enda er hefðbundið að vinna árshlutauppgjör miðað við þá dagsetningu.

Vísað er til skýrslunnar um niðurstöður af vinnu okkar við úttekt þessa á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar. Við erum að sjálfsögðu reiðubúnir til frekari viðræðna um innihald skýrslunnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Hlynur Sigurðsson

Auðunn Guðjónsson

**KPMG Endurskoðun hf.**

## Efnisyfirlit

1	Helstu niðurstöður	1
2	Almennt	3
3	Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar 30. júní 2006	5
3.1	Almennt	5
3.2	A hluti	5
3.2.1	Rekstrarreikningur	5
3.2.2	Efnahagsreikningur	5
3.2.3	Yfirlit um sjóðstreymi	6
3.3	A og B hluti	7
3.3.1	Rekstrarreikningur	7
3.3.2	Efnahagsreikningur	7
3.3.3	Yfirlit um sjóðstreymi	8
4	Fjárhagsstaða borgarinnar - þróun	10
4.1	Inngangur	10
4.2	A hluti	10
4.2.1	Þróun efnahags A hluta	10
4.2.2	Fjárfestingar A hluta	11
4.2.3	Þróun peningalegrar stöðu A hluta	13
4.3	A og B hluti	15
4.3.1	Þróun efnahags A og B hluta	15
4.3.2	Fjárfestingar A og B hluta	16
4.3.3	Þróun efnahags Orkuveitu Reykjavíkur	17
4.3.4	Fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur	19
4.3.5	Þróun peningalegrar stöðu A og B hluta	20
4.3.6	Þróun veltufjárstöðu A og B hluta	22
5	Um rekstur borgarinnar	23
5.1	Inngangur	23
5.2	Rekstrarreikningur Aðalsjóðs	23
5.3	Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri	24
5.4	Efnahagsreikningur	26
5.5	Málaflokkayfirlit	27
5.5.1	Þróun á rekstri málaflokka 2002 til 2005	27
5.5.2	Samanburður við önnur sveitarfélög á rekstri málaflokka árið 2005	27
6	Samanburður við önnur sveitarfélög	29
6.1	Rekstur og sjóðstreymi A hluta	29
6.2	Efnahagur A hluta	31

7	Framvinda fjárhagsáætlana	32
7.1	Inngangur	32
7.2	Áætlanir fyrir árið 2004	32
7.2.1	A hluti – áætlanir fyrir árið 2004	32
7.2.2	A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2004	34
7.3	Áætlanir fyrir árið 2005	35
7.3.1	A hluti – áætlanir fyrir árið 2005	35
7.3.2	A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2005	36
7.4	Áætlanir fyrir árið 2006	37
7.4.1	A hluti – áætlanir fyrir árið 2006	37
7.4.2	A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2006	38
7.5	Þriggja ára áætlun 2007-2009	39

## 1 Helstu niðurstöður

Í skýrslu okkar er farið yfir helstu fjárhagsupplýsingar sem við teljum skipta máli við mat á fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið frá árinu 1994 til júníloka 2006. Eftirfarandi eru helstu niðurstöður af vinnu okkar:

### A og B hluti:

- Afkoma A og B hluta samkvæmt árshlutareikningi fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 er neikvæð um 10,5 milljarða kr. Þar af er afkoma A hluta neikvæð um 0,3 milljarða kr. Eiginfjárstaða A og B hluta er engu að síður traust og nemur eiginfjárlutfall í júnílok 40,1%.
- Gengisbreytingar erlendra gjaldmiðla hafa mikil áhrif á rekstur A og B hluta og reiknað gengistap í árshlutareikningi 30. júní 2006 er 12,7 milljarðar kr.
- Heildareignir A og B hluta hafa hækkað um 53,1 milljarð kr. frá árinu 2002 til júníloka 2006 og hafa heildarskuldir hækkað um 52,4 milljarða kr. á sama tímabili. Eigið fé A og B hluta hefur því hækkað um 0,7 milljarða kr. á tímabilinu. Allar fjárhæðir eru á verðlagi í júnílok 2006. Inni í hækkun eigin fjár er endurmat eigna að fjárhæð 12,8 milljarðar kr., sem framkvæmt var við yfirfærslu fráveitu til Orkuveitu Reykjavíkur í upphafi árs 2006.
- Fjárfestingar A og B hluta nema samtals 77,5 milljörðum kr. á tímabilinu frá árinu 2002 til júníloka 2006, en veltufé frá rekstri á sama tímabili nemur samtals 39,6 milljörðum kr. Fjárfestingar á tímabilinu eru því að stórum hluta fjármagnaðar með skuldaaukningu. Af fjárfestingum A og B hluta nema fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur 47,2 milljörðum kr. á sama tímabili. Ljóst er að þegar veltufé frá rekstri er lægra en fjárfestingar til lengri tíma litið, verður mismunurinn fjármagnaður með skuldaaukningu, þ.e. nýjum lántökum umfram afborganir af lánum.
- Peningaleg staða A og B hluta hefur versnað um 87,4 milljarða kr. frá árinu 1994 á verðlagi í júní 2006 og er neikvæð um 114,7 milljarða kr. í lok júní 2006. Í þessu sambandi er rétt að taka fram að varanlegir rekstrarfjármunir og eignarhlutir í félögum eru ekki meðtaldir í peningalegum eignum.

### A hluti:

- Heildarskuldir A hluta hafa hækkað frá árinu 2002 til júníloka 2006 úr 45,0 milljörðum kr. í 56,8 milljarða kr. á verðlagi í júní 2006. Á sama tíma lækka heildareignir A hluta um 1,6 milljarða kr. Eigið fé hefur því rýrnað um 13,4 milljarða kr. á tímabilinu. Lækkun eiginfjár má rekja til uppsafnaðs rekstrarhalla A hluta frá ársbyrjun 2002. Nauðsynlegt er að leita leiða til að snúa þeirri þróun við.
- Rekstrartekjur Aðalsjóðs duga ekki fyrir almennum rekstrargjöldum frá árinu 2002 til júníloka 2006. Veltufé frá rekstri fyrir þetta tímabil er alls 7,9 milljarðar kr. Ef frá eru taldir rekstrarliðir eins og arður frá fyrirtækjum borgarinnar, ábyrgðartekjur frá Landsvirkjun og Orkuveitu Reykjavíkur og söluhagnaður verðbréfa, þá er veltufé frá

almennum rekstri tímabilsins frá 1. janúar 2002 til 30. júní 2006, neikvætt um 0,8 milljarða kr. Við teljum brýnt að unnið verði að því að koma rekstri Aðalsjóðs í jafnvægi.

- Að okkar mati er ástæða til að endurskoða þá tilhögun að gengistengja innri lán milli Aðalsjóðs og annarra sjóða í A og B hluta borgarinnar. Við viljum benda á þann möguleika að tengja innri lán borgarinnar við vísitölu neysluverðs en sú tenging er almennt notuð meðal sveitarfélaga vegna innri lána.
- Að okkar mati ætti að stefna að því að færa ytri lán Aðalsjóðs á móti þeim fjárfestingum sem þau tengjast og þar með í viðkomandi stofnun eða fyrirtæki borgarinnar. Með því myndu innri kröfur Aðalsjóðs á hendur öðrum fyrirtækjum lækka samsvarandi. Með þessu móti verður rekstur Aðalsjóðs skýrari, enda er meginhlutverk hans að endurspegla ráðstöfun skatttekna.

#### **Annað:**

- Samkvæmt greiningu á framvindu fjárhagsáætlana fyrir árin 2004, 2005 og 2006 hafa rekstrarmarkmið um afkomu sem sett eru í þriggja ára áætlunum ekki náð fram að ganga, sbr. umfjöllun í kafla 7. Rekstrargjöld samkvæmt þriggja ára áætlunum hafa verið hækkuð mun meira milli áætlana en rekstrartekjur.
- Í þriggja ára áætlun 2007-2009 er gert ráð fyrir tiltekinni hagræðingu í rekstri sem ekki er skilgreind niður á einstök svið og rekstrareiningar. Sé tekið mið af framvindu áætlana fyrir síðustu ár hafa áform um hagræðingu ekki náð fram að ganga. Er því brýnt að farið sé yfir fjármálastjórn borgarinnar í heild sinni og leitað leiða sem ætla má að leiði til betri rekstrarárangurs.
- Eftir samtöl okkar við ýmsa stjórnendur og starfsmenn borgarinnar er það skoðun okkar að ná megi aukinni skilvirkni í fjármálastjórn og reikningshaldi borgarinnar. Að okkar mati þarf að samræma vinnubrögð við gerð reikningsskila samstæðunnar og auka eftirlit með framvindu fjárhagsáætlana.

## 2 Almennt

Reykjavíkurborg er stærsta sveitarfélag landsins með 114.800 íbúa miðað við 1. desember 2005. Starfsemi sveitarfélagsins skiptist í eftirfarandi stofnanir og fyrirtæki:

### A hluti

- \* Aðalsjóður
- \* Eignasjóður
- \* Skipulagssjóður

### B hluti

- \* Aflvaki hf.
- \* Bílastæðasjóður Reykjavíkur
- \* Faxaflóahafnir sf.
- \* Félagsbústaðir hf.
- \* Fráveita Reykjavíkur
- \* Íþrótt- og sýningahöllin hf.
- \* Malbikunarstöðin Höfði hf.
- \* Orkuveita Reykjavíkur
- \* Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins
- \* Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs.
- \* Sorpa bs.
- \* Strætó bs.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem eru að meirihluta í eigu borgarinnar. Rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum.

Við höfum aflað okkur allra nauðsynlegra gagna um fjárhagsstöðu borgarinnar frá árinu 1994 til 30. júní 2006 og hafa starfsmenn fjármálasviðs borgarinnar verið okkur til liðsinnis í því. Einnig höfum við haft aðgang að gögnum úr ársreikningum sveitarfélaga í rafrænum gagnagrunni Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2002 til 2005.

Nokkur vandkvæði eru á því að bera saman fjárhagsupplýsingar úr rekstri sveitarfélaga fyrir árin 1994 til 2006. Ástæða þess er sú að í ársbyrjun 2002 voru gerðar verulegar breytingar á reikningsskilaaðferðum íslenskra sveitarfélaga en framsetning reikningsskilanna var þá í öllum aðalatriðum samræmd almennum reikningsskilaaðferðum. Til að mynda er ekki byrjað að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni og afskrifa á líftíma þeirra fyrr en frá ársbyrjun 2002. Af þessu leiðir að ýmsar fjárhagsupplýsingar eru ekki samanburðarhæfar fyrir og eftir þessar breytingar og tókum við mið af því í umfjöllun okkar.

Í skýrslu okkar er meðal annars skoðuð þróun fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar og er gerður samanburður við önnur sveitarfélög. Ljóst er að Reykjavíkurborg hefur ákveðna sérstöðu á meðal annarra sveitarfélaga á Íslandi, enda langstærsta sveitarfélag landsins, sem gerir samanburð við önnur sveitarfélög í sumum tilvikum erfiðan. Engu að síður voru valin þrjú sveitarfélög til samanburðar í skýrslu okkar en þau eru Kópavogur, Hafnarfjarðarbær og Akureyri. Rétt er að hafa í huga að rekstrarstærðir samanburðarsveitarfélaga skipta ekki höfuðmáli í þessari úttekt. Tilgangur þessa samanburðar er öðrum þræði að setja fjárhagsstöðu Reykjavíkurborgar í samhengi við stöðu nokkurra annarra sveitarfélaga.

Framsetning fjárhagsupplýsinga í töflum og myndum miðast við verðlag í lok júní 2006. Er það gert með það fyrir augum að samanburður milli tímabila sé auðveldari en ella. Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að fyrst er fjallað um niðurstöður árshlutareiknings 1. janúar til 30. júní 2006. Því næst er farið yfir þróun fjárhagsstöðu borgarinnar frá árinu 1994 til júníloka 2006. Umfjöllunin skiptist í A hluta annars vegar og A og B hluta hins vegar. Þá er fjallað almennt um rekstur borgarinnar undanfarin ár og því næst framkvæmdur samanburður við önnur sveitarfélög. Loks er fjallað um framvindu fjárhagsáætlana.



## 3 Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar 30. júní 2006

### 3.1 Almennt

Árshlutareikningur Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 var unninn af starfsmönnum Fjármálasviðs Reykjavíkurborgar. Árshlutareikningurinn er ekki kannaður né áritaður af ytri endurskoðendum borgarinnar.

Einstakir liðir árshlutareikningsins eru áætlaðir og má þar nefna breytingu á lífeyrisskuldbindingu. Rekstrarliðir sem eru álagðir í ársbyrjun eru hlutfallaðir miðað við sex mánuði en þar má nefna fasteignaskatta, sorphirðugjöld og lóðarleigu.

Samþykkt fjárhagsáætlun fyrir árið 2006 er birt til samanburðar í árshlutareikningi. Áætlunin er birt í heild, enda ekki hægt að miða við þá forsendu að rekstrartekjur og –gjöld falli jafnt til á fyrri sex mánuðum ársins og þeim síðari.

### 3.2 A hluti

#### 3.2.1 Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2006 nema samkvæmt rekstrarreikningi 24,2 milljörðum kr. sem skiptast í skatttekjur að fjárhæð 18,6 milljarðar kr. og aðrar tekjur að fjárhæð 5,6 milljarðar kr. Meðal annarra tekna er söluhagnaður lóða að fjárhæð 2,9 milljarðar kr.

Rekstrargjöld tímabilsins nema 24,4 milljörðum kr. og skiptast í laun og tengd gjöld að fjárhæð 12,1 milljarður kr., annan rekstrarkostnað að fjárhæð 9,4 milljarðar kr., breytingu á lífeyrisskuldbindingu að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. og afskriftir fastafjármuna að fjárhæð 1,2 milljarðar kr.

Rekstrarniðurstaða A hluta fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er því neikvæð um 259 milljónir kr. Að teknu tilliti til fjármagnsgjalda umfram fjármunatekjur að fjárhæð 40 milljónir kr., er rekstrarniðurstaða tímabilsins neikvæð um 299 milljónir kr.

#### 3.2.2 Efnahagsreikningur

Varanlegir rekstrarfjármunir í lok júní 2006 nema samkvæmt efnahagsreikningi 49,9 milljörðum kr. en þar af eru fasteignir 46,2 milljarðar kr. eða 92,6% af heildinni, gatnakerti 2,9 milljarðar kr. og áhöld og tæki 0,8 milljarðar kr. Varanlegir rekstrarfjármunir hafa lækkað um 2,5 milljarða kr. frá árslokum 2005 og skýrist það af söluverði eigna og afskriftum umfram eignfærða fjárfestingu tímabilsins.

Áhættufjármunir og langtímakröfur nema 21,8 milljörðum kr. en þar af nema eignarhlutir í félögum 20,6 milljörðum kr., eða 94,5%. Eignarhlutur borgarinnar í Landsvirkjun er 44,5% og er hann bókfærður í A hluta á 16,8 milljarða kr. Hlutdeild í afkomu Landsvirkjunar á tímabilinu er ekki færð í A hluta reikningssskilanna en er færð í samanteknum reikningssskilum A og B

hluta. Þá hafa langtímakröfur lækkað á fyrri árshefningi 2006 úr 7,6 milljörðum kr. í 1,1 milljarð kr. og skýrist það nánast eingöngu af lækkun krafna á eigin fyrirtæki borgarinnar.

Fasta fjármunir í júnílok 2006 nema 71,7 milljörðum kr. og hafa lækkað um 8,8 milljarða kr. frá ársbyrjun.

Veltufjármunir A hluta nema í júnílok 20,8 milljörðum kr. samanborið við 8,3 milljarða kr. í ársbyrjun 2006. Skýrist þessi aukning aðallega af tvennu. Annars vegar eru ónnheimtar tekjur 4,4 milljörðum kr. hærrí en í ársbyrjun og hins vegar hefur handbært fé aukist um 6,4 milljarða kr. frá ársbyrjun 2006. Veltufjárhlutfall A hluta, sem er hlutfall milli veltufjár og skammtímaskulda, er í júnílok 1,34 en það segir til um greiðsluhæfi til skamms tíma. Æskilegt þykir að þetta hlutfall sé að jafnaði ekki lægra en 1,0.

Eigið fé A hluta nemur í júnílok 35,7 milljörðum kr. og hefur lækkað um 299 milljónir kr. vegna rekstrarhalla fyrstu sex mánuði ársins. Eiginfjárhlutfall í júnílok 2006 er 38,6%.

Skuldbindingar í júnílok nema samkvæmt efnahagsreikningi 33,0 milljörðum kr. en þar er nær eingöngu um að ræða reiknaða lífeyrisskuldbindingu. Hækkun lífeyrisskuldbindingar frá ársbyrjun að teknu tilliti til framlags til lífeyrisgreiðslna tímabilsins, nemur 1,3 milljörðum kr. og er hún áætluð út frá uppfærðum forsendum fjárhagsáætlunar. Tryggingarfræðileg úttekt var ekki framkvæmd við gerð reikningsskilanna, en hún er að jafnaði framkvæmd einu sinni á ári í tengslum við gerð ársreiknings.

Langtímaskuldir A hluta nema 8,3 milljörðum kr. og hafa lækkað um 5,7 milljarða kr. á rekstrartímabilinu. Skýrist þessi lækkun aðallega af því að á tímabilinu tók Orkuveita Reykjavíkur við rekstri Fráveitu Reykjavíkurborgar og voru skuldir Fráveitunnar við Aðalsjóð þá greiddar upp.

Skammtímaskuldir í júnílok nema 15,5 milljörðum kr. samanborið við 7,1 milljarð kr. í árslok 2005. Hækkun tímabilsins skýrist m.a. af því að í júnílok eru skuldfærð fyrirfram innheimt fasteignagjöld að fjárhæð 4,4 milljörðum kr. vegna lotunar. Heildarskuldir og skuldbindingar í júnílok nema samkvæmt efnahagsreikningi 56,8 milljörðum kr. samanborið við 52,8 milljarða kr. í árslok 2005.

### 3.2.3 Yfirlit um sjóðstreymi

Samkvæmt sjóðstreymi tímabilsins fyrir A hluta nemur veltufé frá rekstri 765 milljónum kr. þegar rekstrarafkoma tímabilsins hefur verið leiðrétt fyrir reiknuðum rekstrarliðum sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi. Þessir liðir eru m.a. söluhagnaður eigna, afskriftir, verðbætur og gengismunur lána og reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindingar. Til samanburðar má nefna að veltufé frá rekstri A hluta á árinu 2005 í heild nam 4,0 milljörðum kr. Þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nemur handbært fé frá rekstri tímabilsins 4,3 milljörðum kr.

Innstreymi handbærs fjár af fjárfestingarhreyfingum tímabilsins nemur 8,3 milljörðum kr. nettó. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nemur 3,6 milljörðum kr. og söluverð rekstrarfjármuna nemur 3,1 milljarði kr. Stærsti liðurinn er lækkun langtímakrafna á eigin

fyrirtæki að fjárhæð 6,6 milljarðar kr. vegna yfirfærslu fráveitu til Orkuveitu Reykjavíkur, eins og að framan greinir.

Útstreymi handbærs fjár af fjármögnunarhreyfingum tímabilsins nemur 6,2 milljörðum kr. og er þar aðallega um að ræða greiðslu langtímalána vegna fráveitu.

Handbært fé í lok júní nemur 7,7 milljörðum kr. og hefur hækkað um 6,4 milljarða kr. frá ársbyrjun 2006.

### **3.3 A og B hluti**

#### **3.3.1 Rekstrarreikningur**

Rekstrartekjur A og B hluta á tímabilinu nema samkvæmt rekstrarreikningi 34,9 milljörðum kr. sem skiptast í skatttekjur að fjárhæð 18,3 milljarðar kr. og aðrar tekjur að fjárhæð 16,6 milljarða kr.

Rekstrargjöld tímabilsins nema 32,7 milljörðum kr. og skiptast í laun og tengd gjöld 15,2 milljarða kr., annan rekstrarkostnað 11,8 milljarða kr., breytingu á lífeyrisskuldbindingu 1,8 milljarða kr. og afskriftir fastafjármuna 3,9 milljarða kr.

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er því jákvæð um 2,2 milljarða kr. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur eru 14,1 milljarður kr. og skýrist það aðallega af gengistapi erlendra lána að fjárhæð 12,7 milljarðar kr., en gengisvísitala hækkaði um 28,0% á fyrstu sex mánuðum ársins.

Þá er tekjufærður reiknaður tekjuskattur að fjárhæð 3,7 milljarðar kr. vegna Orkuveitu Reykjavíkur en orkufyrirtæki urðu skattskyld frá og með 1. janúar 2006. Í júnílok er færð upp tekjuskattsinn eign vegna mismunar á skattalegu og bókhaldslegu verði eigna annars vegar að fjárhæð 2,0 milljarðar kr. og eignfærðum tekjuskatti af rekstrartapi tímabilsins að fjárhæð 1,7 milljarðar kr. hins vegar.

Afkoma hlutdeildarfélaganna og hlutdeild minnihluta í afkomu dótturfélaganna er neikvæð um 2,3 milljarða kr. og skýrist aðallega af hlutdeild í rekstrartapi Landsvirkjunar á tímabilinu.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða er rekstrarniðurstaða tímabilsins neikvæð um 10,5 milljarða kr. samanborið við jákvæða rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 5,1 milljarður kr. fyrir allt árið 2005.

#### **3.3.2 Efnahagsreikningur**

Óefnislegar eignir A og B hluta nema samkvæmt efnahagsreikningi 65 milljónum kr. í júnílok 2006. Þá nema varanlegir rekstrarfjármunir í lok júní 192,5 milljörðum kr., en þar af eru fasteignir 84,6 milljarðar kr., veitu- og gatnakerfi 103,7 milljarðar kr. og áhöld og tæki 4,2 milljarðar kr. Varanlegir rekstrarfjármunir hafa hækkað um 18,8 milljarða kr. frá ársbyrjun 2006.

Áhættufjármunir og langtímakröfur nema 29,1 milljarði kr. en þar af nema eignarhlutir í félögum 24,6 milljörðum kr., eða 84,5%. Eignarhlutur borgarinnar í Landsvirkjun er 44,5% og er hann bókfærður í samanteknum reikningsskilum A og B hluta samkvæmt hlutdeildaraðferð á 22,8 milljarða kr. Hlutdeild í afkomu Landsvirkjunar á tímabilinu er færð í samantekin reikningsskil A og B hluta. Eignfærð tekjuskattsinneign borgarinnar nemur 3,7 milljörðum kr. og er nær eingöngu vegna Orkuveitu Reykjavíkur eins og að framan greinir.

Fastafjármunir A og B hluta í júnílok nema samtals 221,7 milljörðum kr. og hafa hækkað um 20,6 milljarða kr. frá ársbyrjun 2006. Skýringin felst aðallega í fjárfestingum Orkuveitu Reykjavíkur á tímabilinu. Orkuveitan tók við rekstri og eignum Fráveitu Reykjavíkur á tímabilinu en samhliða því var framkvæmt endurmat fráveitukerfa sem leiddi til hækkunar eignanna um 12,8 milljarða kr. og samsvarandi hækkunar eigin fjár. Þá nemur önnur fjárfesting Orkuveitunnar í varanlegum rekstrarfjármunum á tímabilinu 9,1 milljarði kr.

Veltufjármunir A og B hluta nema í júnílok 26,9 milljörðum kr. samanborið við 13,3 milljarða kr. í ársbyrjun 2006. Skýrist þessi hækkun aðallega af óinnheimtum tekjum sem eru 4,6 milljörðum kr. hærri en í ársbyrjun og hækkun á handbæru fé um 6,4 milljarða kr. Veltufjárhlutfall er í júnílok 1,07 en það er ágætur mælikvarði á greiðsluhæfi til skamms tíma eins og áður segir.

Eigið fé A og B hluta nemur í júnílok 99,7 milljörðum kr. og hefur hækkað á rekstrartímabilinu um 2,2 milljarða kr. Skýrist það af endurmati eigna að fjárhæð 12,0 milljarðar kr. að frádregnum rekstrarhalla tímabilsins að fjárhæð 10,5 milljarðar kr. og öðrum breytingum á eigin fé að fjárhæð 0,7 milljarðar kr. Eiginfjárhlutfall A og B hluta í júnílok er 40,1%.

Skuldbindingar í júnílok samkvæmt efnahagsreikningi nema 33,7 milljörðum kr. en þar af er reiknuð lífeyrisskuldbinding 33,6 milljarðar kr. Hækkun lífeyrisskuldbindingar frá ársbyrjun nemur 1,4 milljörðum kr. og er hún áætluð út frá gefnum forsendum í fjárhagsáætlun. Eins og að framan greinir var tryggingarfræðileg úttekt ekki framkvæmd við gerð reikningsskilanna.

Langtímaskuldir A og B hluta nema í júnílok 83,7 milljörðum kr. og hafa hækkað um 19,7 milljarða kr. frá ársbyrjun. Lántaka tímabilsins er aðallega hjá Orkuveitu Reykjavíkur, enda miklar fjárfestingar á tímabilinu eins og áður hefur verið getið um.

Skammttímaskuldir í júnílok nema 25,1 milljarði kr. samanborið við 14,4 milljarða kr. í árslok 2005. Hækkun tímabilsins skýrist m.a. af því að í júnílok eru skuldfærð fyrirfram innheimt fasteignagjöld að fjárhæð 5,1 milljarður kr. Heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í júnílok nema 142,4 milljörðum kr. samanborið við 110,8 milljarða kr. í árslok 2005.

### 3.3.3 Yfirlit um sjóðstreymi

Samkvæmt sjóðstreymi tímabilsins nemur veltufé frá rekstri A og B hluta á tímabilinu 3,7 milljörðum kr. Þegar rekstrarafkoma tímabilsins hefur verið leiðrétt fyrir reiknuðum rekstrarliðum sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi, s.s. söluhagnaði eigna, afskriftum, verðbótum og gengismun lána og reiknaðri hækkun lífeyrisskuldbindingar. Til samanburðar má nefna að veltufé frá rekstri ársins 2005 í heild nam 10,4 milljörðum kr. Þegar tekið hefur verið tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum nemur handbært fé frá rekstri tímabilsins 7,7 milljörðum kr.

Útstreymi handbærs fjár af fjárfestingarhreyfingum tímabilsins nemur nettó 7,8 milljörðum kr. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum nemur 14,6 milljörðum kr. en á móti kemur m.a. söluverð rekstrarfjármuna er nemur 3,2 milljörðum kr.

Innstreymi handbærs fjár af fjármögnunarhreyfingum tímabilsins nemur 6,4 milljörðum kr. og skýrist helst af nýrri lántöku að fjárhæð 7,6 milljarðar kr. að frádregnum afborgunum tímabilsins að fjárhæð 0,9 milljörðum kr.

Handbært fé A og B hluta í lok júní 2006 nemur 9,0 milljörðum kr. og hækkaði um 6,4 milljarða kr. á rekstrartímabilinu.

## 4 Fjárhagsstaða borgarinnar - þróun

### 4.1 Inngangur

Í þessum kafla er fjallað um fjárhagsstöðu borgarinnar og hvernig hún hefur þróast frá árinu 1994. Við þessa greiningu er litið til helstu stærða úr efnahag og sjóðstreymi borgarinnar. Annars vegar er fjallað um A hluta og hins vegar um samantekin reikningsskil fyrir A og B hluta.

Greiningin nær til efnahagsreikninga á tímabilinu frá árinu 2002 til 30. júní 2006. Greining á efnahagsreikningi í heild er ekki gerð fyrir árin frá 1994 til 2001. Ástæða þess er einkum sú að fastafjármunir voru á því tímabili ekki færðir með sambærilegum hætti og gert er frá og með árinu 2002, þegar reikningsskilareglum sveitarfélaganna var breytt. Umfjöllun um þróun efnahags borgarinnar frá árinu 1994 takmarkast því við peningalegar eignir og skuldir.

Peningalegar eignir í greiningu þessari samanstanda af veltufjármunum að viðbættum langtímakröfum. Skuldir eru flokkaðar í reikningsskilum borgarinnar í skammtímaskuldir, langtímaskuldir og skuldbindingar. Peningaleg staða er skilgreind sem mismunur peningalegra eigna og skulda. Þegar skuldir eru hærri en peningalegar eignir er mismunurinn nefndur neikvæð peningaleg staða. Í einhverjum tilvikum er fjallað um peningalega stöðu með og án lífeyrisskuldbindingar. Rétt er að benda á að eignarhlutir í félögum og varanlegir rekstrarfjármunir teljast m.a. ekki til peningalegra eigna í greiningu þessari.

### 4.2 A hluti

Í þessum hluta er fjallað um þróun fjárhagsstöðu A hluta. Til A hluta teljast Aðalsjóður, Eignasjóður og Skipulagssjóður. Fasteignastofa var áður sértök stofnun í A hluta en var sameinuð Eignasjóði í ársbyrjun 2006. Áður en reikningsskilum sveitarfélaganna var breytt árið 2002 var þessum hluta rekstrar borgarinnar ekki skipt upp í sjóði með þessum hætti.


#### 4.2.1 Þróun efnahags A hluta

Bókfært verð heildareigna A hluta hefur lækkað lítillega á tímabilinu frá 2002 til 2006. Í árslok 2002 námu heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi A hluta 80,5 milljörðum kr. sem jafngildir 94,1 milljarði kr. á verðlagi í júní 2006. Heildareignir í lok júní 2006 nema 92,5 milljörðum kr. Raunlækkun nemur því 1,6 milljörðum kr.

Heildarskuldir A hluta hafa hækkað á sama tímabili. Þær námu 38,4 milljörðum kr. í árslok 2002, sem jafngildir 45,0 milljörðum kr. á verðlagi í lok júní 2006. Heildarskuldir A hluta nema 56,8 milljörðum kr. í lok júní 2006. Hækkun skulda á tímabilinu nemur því 11,8 milljörðum kr. eða 13%. Eigið fé A hluta hefur rýrnað á tímabilinu úr 42,0 milljörðum kr. í árslok 2002, sem jafngildir nú 49,1 milljarði kr., í 35,7 milljarða kr. í lok júní 2006 eða um 13,4 milljarða kr. Eiginfjárlutfall A hluta hefur lækkað úr 52% í árslok 2002 í 39% í lok júní 2006.

Þróun heildareigna, heildarskulda og eiginfjár A hluta er sett fram á mynd 1.

Mynd 1: Þróun efnahags A hluta (á verðlagi í júní 2006):




\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

#### 4.2.2 Fjárfestingar A hluta

Í yfirliti um sjóðstreymi er í fjárfestingarhreyfingum gerð grein fyrir ráðstöfun á handbæru fé til fjárfestinga. Þar er einnig gerð grein fyrir hve miklu rekstur tímabils skilar í veltufé. Ef meiru fé er ráðstafað í fjárfestingar en kemur frá rekstri er ljóst að skuldir aukast, nema gengið sé á handbært fé. Þegar fjárfestingarhreyfingar eru bornar saman við veltufé frá rekstri kemur fram að á tímabilinu frá 2002 til loka júnímánaðar 2006 er 800 milljónum kr. ráðstafað í fjárfestingar umfram það sem reksturinn skilar miðað við fjárhæðir á verðlagi hvers árs. Ef fjárhæðir eru umreiknaðar til verðlags í júní 2006 nemur þessi mismunur 1,4 milljörðum kr. Þess ber þó að geta að mismunurinn er breytilegur milli ára eins og fram kemur á mynd 2. Þar kemur fram að veltufé frá rekstri A hluta er hærra en fjárfestingarhreyfingar á árunum 2004 og 2005 sem og á fyrri hluta ársins 2006.

Mynd 2: Fjárfestingar A hluta í samanburði við veltufé frá rekstri (á verðlagi í júní 2006):



\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við janúar - desember.

Í samanburði fjárfestinga við veltufé frá rekstri eru fjárfestingarhreyfingar sýndar nettó, þ.e. fjárfestingar að frádregnu söluverði seldra eigna. Meðal fjárfestingarhreyfinga eru einnig breytingar á verðbréfaeign og eignarhlutum. Þegar Fráveita Reykjavíkur var sameinuð Orkuveitu Reykjavíkur í ársbyrjun 2006 yfirtók Orkuveitan skuldir Fráveitunnar við A hluta og er í árshlutareikningi 30. júní 2006 færðir vegna þess 7,3 milljarðar kr. sem breyting á verðbréfaeign. Í samanburðinum er þessari færslu sleppt.

Til nánari upplýsinga um hvaða liðir mynda fjárfestingarhreyfingar hvers árs eru þeir sundurliðaðir í töflu 1.

Tafla 1: Sundurliðun fjárfestingarhreyfinga A hluta (í milljónum kr. á verðlagi í júní 2006):

	2002	2003	2004	2005	2006*
Varanlegir rekstrarfjármunir ...	( 7.499 )	( 4.104 )	( 6.812 )	( 4.352 )	( 1.312 )
Söluverð seldra eigna .....	211	227	976	1.095	3.054
Önnur breyting .....	254	( 1.023 )	1.951	466	( 758 )
Samtals .....	( 7.034 )	( 4.900 )	( 3.885 )	( 2.791 )	984

\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir í töflunni miðast við janúar - desember.




### 4.2.3 Þróun peningalegrar stöðu A hluta

Vegna breytinga á reikningsskilareglum sveitarfélaganna í ársbyrjun 2002 liggja ekki fyrir upplýsingar til sambærilegrar greiningar á efnahag A hlutans og hér að framan fyrir tímabilið frá 1994 til 2001. Af þeim sökum nær úttekt á fjárhagsstöðu fyrir það tímabil eingöngu til peningalegra eigna og skulda, enda var á þeim tíma einkum litið til þeirra stærða við mat á fjárhagsstöðu sveitarfélaga.

Þess skal getið að áfallin lífeyrisskuldbinding er fyrst færð meðal skulda í efnahagsreikning í ársreikningi borgarinnar 1998. Fyrir þann tíma var getið um lífeyrisskuldbindingu í ársreikningi og stóð hún utan efnahagsreiknings, en til samræmis er henni bætt við heildarskuldir í greiningu þessari. Að öðru leyti er byggt á efnahagsreikningi eins og hann er birtur í ársreikningum borgarinnar.

Mynd 3: Þróun peningalegra eigna og heildarskulda A hluta (á verðlagi í júní 2006):



\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

Þegar þróun peningalegra eigna og skulda A hlutans er skoðuð yfir tímabilið, sbr. mynd 3, kemur í ljós að báðar stærðirnar hækka umtalsvert milli árána 2001 og 2002. Að töliverðu leyti mun það stafa af breytingu á reikningsskilareglum sveitarfélaganna á milli þessara ára. Við túlkun á þróun efnahags hjá A hlutanum er því rétt að taka mið af þessu.


Peningalegar eignir skv. ársreikningi 1994 nema 3,7 milljörðum kr., sem eru 5,7 milljarðar kr. á verðlagi í júní 2006. Peningalegar eignir í lok júní 2006 nema 21,9 milljörðum kr. og hafa hækkað talsvert frá árslokum 2005. Að einhverju leyti stafar það af mismun á óinnheimtum tekjum sem sveiflast jafnan innan ársins. Einnig hefur handbært fé hækkað frá áramótum. Peningalegar eignir A hluta í árslok 2005 námu 15,9 milljörðum kr. skv. ársreikningi 2005.

Skuldir skv. ársreikningi 1994 nema 12,4 milljörðum kr. Að viðbættri lífeyrisskuldbindingu utan efnahagsreiknings 1994 að fjárhæð 6,7 milljarðar kr. eru heildarskuldir í árslok 1994 19,1 milljarður kr. Jafngildir sú fjárhæð 29,3 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Heildarskuldir A hluta skv. árshlutareikningi 30. júní 2006 nema 56,9 milljörðum kr. og hafa því hækkað um 94% ef báðar fjárhæðir eru reiknaðar á verðlagi í júní 2006.

Skuldir A hluta eru hærri en peningalegar eignir allt tímabilið og er því peningaleg staða neikvæð. Áfallin lífeyrisskuldbinding hefur hækkað mikið á tímabilinu og er hún stór hluti af heildarskuldum A hlutans. Í greiningu þessari er neikvæð peningaleg staða bæði sýnd með og án lífeyrisskuldbindingar á mynd 4.

Þó neikvæð peningaleg staða sé sýnd með þessum hætti er rétt að benda á að áfallin lífeyrisskuldbinding telst að sjálfsögðu til skulda með sama hætti og aðrar skuldir A hlutans. Lífeyrisskuldbinding myndast vegna aðildar núverandi og fyrrverandi starfsmanna A hluta borgarinnar að svokölluðum réttindatengdum lífeyrissjóðum. Borgin hefur gengist í ábyrgð fyrir greiðslu lífeyris til samræmis við áunnin réttindi viðkomandi og þarf að greiða þegar að töku lífeyris kemur það sem uppá vantar, dugi iðgjöld starfsmanns og greitt mótframlag ekki fyrir lífeyrisréttindunum. Áfallin lífeyrisskuldbinding á hverjum tíma er metin á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar.

**Mynd 4: Þróun neikvæðrar peningalegrar stöðu A hluta (á verðlagi í júní 2006):**



\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

Neikvæð peningaleg staða hefur hækkað á tímabilinu og nemur 34,9 milljörðum kr. í lok júní 2006. Neikvæð peningaleg staða án lífeyrisskuldbindingar hefur lækkað á tímabilinu og nemur 1,2 milljörðum kr. í lok júní 2006.

## 4.3 A og B hluti

Í þessum hluta er fjallað um fjárhagsstöðu samantekins reiknings A og B hluta. Eins og áður hefur komið fram teljast til B hluta fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu borgarinnar en rekstur þessara fyrirtækja er að stofni til fjármagnaður með þjónustutekjum.

### 4.3.1 Þróun efnahags A og B hluta


Heildareignir A og B hluta hafa aukist á tímabilinu frá 2002 til 2006. Heildareignir skv. efnahagsreikningi 2002 nema 167,1 milljarði kr. sem jafngildir 195,5 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Í lok júní 2006 nema heildareignir A og B hluta 248,6 milljörðum kr. Hækkunin á tímabilinu nemur því 53,1 milljarði kr. á verðlagi í lok júní 2006.

Á sama tíma hafa heildarskuldir, þ.e. skuldir og skuldbindingar hækkað um 52,4 milljarða kr. Heildarskuldir í árslok 2002 voru 77,0 milljarðar kr. sem jafngildir 90,0 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Heildarskuldir í lok júní 2006 eru 142,4 milljarðar kr. Á tímabilinu hefur eigið fé A og B hluta rýrnað um 1,6 milljarða kr. Í þeim útreikningi er eigið fé samkvæmt ársreikningi 2002 framreiknað til verðlags í júní 2006. Með samskonar útreikningi hefur hlutdeild minnihluta í eigin fé dótturfélaga aukist um 2,3 milljarða kr. á sama tímabili.

Meðtalið í hækkun heildareigna er endurmat eigna og munar þar mestu um endurmat varanlegra rekstrarfjármuna veitufyrirtækja í upphafi árs 2006 til hækkunar um 12,0 milljarða kr. Endurmat þessara eigna er fært á eiginfjárreikning.

Þróun heildareigna, heildarskulda og eiginfjár A og B hluta er sett fram á mynd 5.

Mynd 5: Þróun efnahags A og B hluta (á verðlagi í júní 2006):



\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.


Samkvæmt þessu hefur efnahagsreikningur A og B hluta „vaxið“, þ.e. bæði eignir og skuldir hafa hækkað. Heildareignir hafa aukist um 28% á tímabilinu og skuldir hafa hækkað um 58%.

#### 4.3.2 Fjárfestingar A og B hluta

Fjárfestingar skýra að miklu leyti aukningu eigna og skulda samantekins reiknings A og B hluta. Í yfirliti um sjóðstreymi er gerð grein fyrir fjárfestingarhreyfingum hvers tímabils, þ.e. fjárfestingum í eignum að frádregnu söluverði seldra eigna. Þegar fjárfestingarhreyfingar eru bornar saman við veltufé frá rekstri, sbr. mynd 6, kemur fram að þær eru ekki nema að hluta til fjármagnaðar af rekstri. Mismunurinn er því fjármagnaður með skuldaaukningu, þ.e. nýjum lántökum umfram afborganir af lánunum.

Fjárfestingarhreyfingar A og B hluta frá ársbyrjun 2002 til júníloka 2006 nema samtals 77,5 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Veltufé frá rekstri á sama tímabili nemur samtals 39,6 milljörðum kr.

Mynd 6: Fjárfestingar A og B hluta í samanburði við veltufé frá rekstri (á verðlagi í júní 2006):



\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við janúar - desember.

#### 4.3.3 Þróun efnahags Orkuveitu Reykjavíkur

Efnahagsreikningur Orkuveitu Reykjavíkur vegur þungt í samanteknum efnahagsreikningi A og B hluta. Efnahagsreikningur Orkuveitunnar hefur „vaxið“ verulega frá árslokum 2002 og skýrir það stóran hluta af „vexti“ samantekins efnahagsreiknings A og B hluta. Fráveita Reykjavíkur sameinaðist Orkuveitu Reykjavíkur í ársbyrjun 2006 en fjallað er um þróun efnahags beggja fyrirtækjanna, sem þau hefðu verið eitt fyrirtæki allt tímabilið til að auðvelda samanburð.

Þróun heildareigna, heildarskulda og eiginfjár Orkuveitunnar er sett fram á mynd 7.


Heildareignir Orkuveitunnar og Fráveitunnar á verðlagi í júní 2006 hafa aukist úr 84,0 milljörðum kr. í árslok 2002 (71,8 milljarðar kr. á verðlagi þess árs) í 121,3 milljarða kr. í lok júní 2006. Hafa eignirnar því aukist um 37,3 milljarða á tímabilinu, þar af um 12,8 milljarða kr. vegna endurmats fráveitukerfis í ársbyrjun 2006.

Heildarskuldir Orkuveitunnar og Fráveitunnar hafa hækkað um 27,3 milljarða á tímabilinu miðað við verðlag í júní 2006. Í árslok 2002 voru þær 34,0 milljarðar kr. á verðlagi þess tíma, sem jafngildir nú 39,7 milljörðum kr., en heildarskuldir í lok júní 2006 eru 67,0 milljarðar kr. samkvæmt árshlutareikningi Orkuveitu Reykjavíkur 30. júní 2006.

Eigið fé Orkuveitunnar og Fráveitunnar hefur hækkað úr 44,3 milljörðum kr. í árslok 2002 í 54,3 milljarða í lok júní 2006, eða um 10,0 milljarða kr. og eru allar fjárhæðir á verðlagi í júní

2006. Endurmat fráveitukerfis í ársbyrjun að fjárhæð 12,8 milljarðar kr. færist til hækkunar á eigin fé Orkuveitunnar. Eiginfjárhlutfall Orkuveitunnar er 45% í lok júní 2006.

**Mynd 7: Þróun efnahags Orkuveitunnar (á verðlagi í júní 2006):**




\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

Orkuveita Reykjavíkur hefur árlega greitt arð til eigenda sinna og hefur hann að mestum hluta runnið til A hluta Reykjavíkurborgar, enda er borgin eigandi að 93,5% hlut í fyrirtækinu.

Frá ársbyrjun 2002 til júníloka 2006 hefur Orkuveitan greitt eigendum sínum samtals 6,9 milljarða kr. í arð á verðlagi í lok júní 2006. Lætur nærri að arðgreiðslur Orkuveitu Reykjavíkur séu jafnar uppsafnaðri afkomu fyrirtækisins á sama tímabili eins og kemur fram á mynd 8.

Mynd 8: Afkoma og arðgreiðslur Orkuveitunnar (á verðlagi í júní 2006):




\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við janúar - desember.

Gengisþróun undanfarin misseri hefur valdið sveiflum í afkomu fyrirtækisins. Eftir árlegan gengishagnað 2002 til 2005 frá 0,4 milljörðum kr. upp í 2,7 milljarða kr. er gjaldfært gengistap fyrri hluta árs 2006 að fjárhæð 11,5 milljarðar kr.

#### 4.3.4 Fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur

Af fjárfestingum A og B hluta vega fjárfestingar Orkuveitu Reykjavíkur þyngst. Eins og áður hefur komið fram nema fjárfestingarhreyfingar A og B hluta frá ársbyrjun 2002 til júníloka 2006 samtals 77,5 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Þar af eru fjárfestingarhreyfingar Orkuveitu Reykjavíkur 47,2 milljarðar kr. og eru þá fjárfestingar Fráveitunnar á tímabilinu meðtaldar. Veltufé frá rekstri Orkuveitunnar á sama tímabili nemur samtals 24,0 milljörðum kr.

Mynd 9: Fjárfestingar Orkuveitunnar í samanburði við veltufé frá rekstri (á verðlagi í júní 2006):



\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við janúar - desember.

#### 4.3.5 Þróun peningalegrar stöðu A og B hluta

Af sömu ástæðu og rakin er í umfjöllun um efnahag A hluta nær úttekt á fjárhagsstöðu A og B hluta fyrir tímabilið frá 1994 til 2001 eingöngu til peningalegra eigna og skulda.

Þess skal getið að áfallin lífeyrisskuldbinding er fyrst færð inn í efnahagsreikning samstæðunnar í ársreikningi 1998. Fyrir þann tíma var getið um lífeyrisskuldbindingu í ársreikningi og stóð hún utan efnahagsreiknings. Til samræmis er henni bætt við heildarskuldir í greiningu þessari. Að öðru leyti er byggt á samstæðureikningi eins og hann er birtur í ársreikningum.


Þegar skoðuð er þróun peningalegra eigna og heildarskulda A og B hluta, þar sem allar fjárhæðir reiknaðar til verðlags í júní 2006, kemur fram að peningalegar eignir borgarinnar á tímabilinu hafa lítið breyst. Peningalegar eignir eru á milli 12,5 og 16,9 milljarða kr. í árslok þessara ára en í lok júní 2006 nema peningalegar eignir 27,7 milljörðum kr. Stafar sú hækkun fyrst og fremst af hærri óinnheimtum tekjum í lok júní en í árslok og aukningu á handbæru fé.

Þegar lítið er til heildarskulda og þær bornar saman á verðlagi í júní 2006, kemur fram að þær hafa hækkað úr 41,2 milljörðum kr. í árslok 1994 (26,9 milljarðar kr. á verðlagi í árslok 1994) í 142,4 milljarða kr. í lok júní 2006, eða um 101,2 milljarða kr.

Yfirlit um þróun peningalegra eigna og heildarskulda A og B hluta er sett fram á mynd 10 en yfirlit um þróun neikvæðrar peningalegrar stöðu A og B hluta er sett fram á mynd 11.




Mynd 10: Þróun peningalegra eigna og heildarskulda A og B hluta (á verðlagi í júní 2006):



\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

Mynd 11: Þróun neikvæðrar peningalegrar stöðu A og B hluta (á verðlagi í júní 2006):



\* 30. júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við 31. desember.

Eins og áður hefur komið fram eru heildarskuldir A og B hluta mun hærri en peningalegar eignir allt tímabilið og er því peningaleg staða neikvæð. Þróun peningalegrar stöðu A og B hluta er birt bæði með og án skuldbindingar eins og hjá A hlutanum.


Peningaleg staða A og B hluta með lífeyrisskuldbindingu í árslok 1994 var neikvæð um 17,8 milljarða kr. sem jafngildir 27,3 milljörðum kr. á verðlagi í júní 2006. Neikvæð peningaleg staða með lífeyrisskuldbindingu í lok júní 2006 nemur 114,7 milljörðum kr. og hefur því peningalega staðan versnað um 87,4 milljarða kr. á tímabilinu miðað við verðlag í júní 2006. Peningaleg staða A og B hluta án lífeyrisskuldbindingar hefur á sama tíma versnað um 73,6 milljarða kr.

Við skoðun á þróun á peningalegri stöðu er rétt að ítreka að fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum koma ekki til hækkunar á peningalegum eignum.

#### 4.3.6 Þróun veltufjárstöðu A og B hluta

Við mat á greiðsluhæfi sveitarfélaga er jafnan litið til veltufjárhlutfalls. Almennt er talið heppilegt að veltufjárhlutfallið sé að minnsta kosti 1,0. Við skoðun á veltufjárhlutfalli A og B hluta sbr. mynd 12, kemur í ljós að það hefur heldur lækkað á síðustu árum en liggur nærri gildinu 1,0.

Mynd 12: Veltufjárhlutfall A og B hluta:



\* 30. júní 2006. Önnur hlutföll á myndinni miðast við 31. desember.

## 5 Um rekstur borgarinnar

### 5.1 Inngangur

Hér á eftir er fjallað um rekstur borgarinnar og þá sérstaklega um rekstur Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar. Farið er yfir helstu lykilstærðir rekstrar og efnahags og þær settar í samhengi við niðurstöður samkvæmt ársreikningum 2002 til 2005 og árshlutareikningi 30. júní 2006.

Einnig eru stærðir úr rekstri Aðalsjóðs á árinu 2005 bornar saman við önnur sveitarfélög, s.s. hlutfall málaflokka af skatttekjum hvers sveitarfélags. Aðalsjóður er í A hluta, ásamt Eignasjóði og Skipulagssjóði. Þessir sjóðir eiga það sammerkt að starfsemi þeirra er að hluta eða öllu leyti fjármögnuð með skatttekjum.

### 5.2 Rekstrarreikningur Aðalsjóðs

Samkvæmt rekstrarreikningi Aðalsjóðs 1. janúar til 30. júní 2006 nema rekstrartekjur samtals 21,9 milljörðum kr. og þar af eru skatttekjur 18,9 milljarðar kr. Rekstrargjöld eru alls 25,7 milljarðar kr. og skiptast í laun og tengd gjöld að fjárhæð 12,0 milljarðar kr., innri leigu að fjárhæð 2,6 milljarðar kr., annan rekstrarkostnað að fjárhæð 9,4 milljarðar kr. og breytingu á lífeyrisskuldbindingu að fjárhæð 1,7 milljarðar kr.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld er því neikvæð á tímabilinu um 3,8 milljarða kr. Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld tímabilsins eru 12,4 milljarðar kr. sem skýrist aðallega af miklum gengishagnaði Aðalsjóðs á tímabilinu. Að teknu tilliti til þess er afkoma Aðalsjóðs fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2006 jákvæð um 8,6 milljarða kr.

Í töflu 2 koma fram nokkrar lykilstærðir úr rekstri Aðalsjóðs frá árinu 2002 til júníloka 2006.

**Tafla 2: Nokkrar lykilstærðir úr rekstri Aðalsjóðs (í milljónum kr. á verðlagi í júní 2006):**

	2002	2003	2004	2005	2006*
Rekstrartekjur .....	38.212	39.987	41.472	44.426	21.900
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði .....	( 5.945 )	( 4.838 )	( 4.860 )	( 5.469 )	( 3.813 )
Í % af rekstrartekjum .....	( 15,6% )	( 12,1% )	( 11,7% )	( 12,3% )	( 17,4% )
Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .....	( 1.031 )	( 1.938 )	( 4.637 )	( 4.732 )	8.582
Í % af rekstrartekjum .....	( 2,7% )	( 4,8% )	( 11,2% )	( 10,7% )	39,2%

\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir í töflunni miðast við janúar - desember.

Á framangreindu tímabili duga rekstrartekjur Aðalsjóðs aldrei fyrir almennum rekstrargjöldum.

Í töflu 2 er unnt að horfa á þróun rekstrarstærða og setja þær í samhengi við rekstrartekjur á hverjum tíma. Mikil breyting er á rekstrarniðurstöðu janúar til júní 2006 frá fyrra ári. Meginástæðan fyrir því er gengisþróun erlendra gjaldmiðla. Innri lán Aðalsjóðs á aðrar A og B hluta stofnanir og fyrirtæki eru tengd erlendri mynt og sömuleiðis ytri lán Aðalsjóðs. Hins

vegar eru innri lán umfram ytri lán í erlendum myntum 50,1 milljarður kr. í júnílok 2006. Af þessu leiðir að Aðalsjóður er mjög viðkvæmur fyrir sveiflum íslensku krónunnar gagnvart erlendum myntum en eins og áður hefur komið fram hækkaði gengisvísitala íslensku krónunnar um 28,0% fyrstu sex mánuði ársins. Áhrif þessarar gengissveiflu koma glöggt fram í rekstri Aðalsjóðs á tímabilinu.

Ef litið er til rekstrarniðurstöðu fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld og þróun þeirrar stærðar, sbr. töflu 2, þá eru undanskilin áhrif gengisbreytinga og annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda, s.s. arðstekna af eignarhlutum og vaxtatekna og -gjalda. Kemur þá í ljós að rekstrarafkoman er neikvæð um 3,8 milljarða kr. fyrir fyrstu sex mánuði ársins 2006 og svarar það til 17,4% af rekstrartekjum tímabilsins. Ef þróun árunna 2002 til 2005 er skoðuð þá er þessi niðurstaða nokkru lakari en síðustu ár.

Þegar reikningsskilareglum sveitarfélaga var breytt í ársbyrjun 2002 voru ákveðnar eignir færðar yfir í sérstaka sjóði. Við það mynduðust kröfur í Aðalsjóði og skuldir hjá viðkomandi sjóði. Í bókhaldi borgarinnar eru þessi innri lán vaxtareiknuð og eru þau bundin gengisvísitölu. Þessar kröfur Aðalsjóðs nema mun hærri fjárhæð en skuldir Aðalsjóðs í erlendri mynt. Ef gengi erlendra gjaldmiðla breytist myndast gengismunur hjá Aðalsjóði. Þessi tilhögun getur haft veruleg áhrif á afkomu einstakra sjóða borgarinnar, en í samanteknum reikningi A og B hluta hefur þessi tilhögun engin áhrif. Að okkar mati gæfi það gleggri mynd af afkomu einstakra sjóða í A og B hluta ef þessi lán milli sjóða væru tengd vísitölu neysliverðs fremur en gengisvísitölu.

### 5.3 Sjóðstreymi – veltufé frá rekstri

Sú rekstrarstærð sem hvað best þykir sýna hve mikil fjármunamyndun er í rekstrinum er veltufé frá rekstri. Þá er búið að leiðrétta rekstrarniðurstöðu ársins fyrir reiknuðum stærðum sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi, s.s. verðbótum, gengismun, söluhagnaði og breytingum á lífeyrisskuldbindingu. Á tímabilinu frá janúar til júní 2006 er reksturinn að taka til sín veltufé að fjárhæð 0,2 milljarða kr. sem svarar til 1,1% af rekstrartekjum tímabilsins. Undanfarin ár hefur þessi stærð verið jákvæð á bilinu 1,1 milljarður kr. til 2,9 milljarðar kr. Tafla 3 sýnir þróun veltufjár frá rekstri Aðalsjóðs frá árinu 2002 til júníloka 2006.


**Tafla 3: Greining á veltufé frá rekstri Aðalsjóðs (í milljónum kr. á verðlagi í júní 2006):**

	2002	2003	2004	2005	2006*	Uppsafnað
Veltufé (til) frá rekstri .....	2.905	1.150	2.088	2.039	( 248 )	7.933
Í % af rekstrartekjum .....	7,6%	2,9%	5,0%	4,6%	( 1,1% )	
Rekstrartekjur .....	38.212	39.987	41.472	44.426	21.900	
<b>Greining veltufjár frá rekstri:</b>						
Arður af fyrirtækjum .....	1.853	1.660	1.715	1.755	847	7.830
Söluhagnaður verðbréfa .....	0	0	0	227	0	227
Ábyrgðargjald .....	106	107	122	218	127	680
Annað veltufé (til) frá rekstri .....	946	( 618 )	252	( 162 )	( 1.222 )	( 804 )
Veltufé (til) frá rekstri .....	2.905	1.150	2.088	2.039	( 248 )	7.933

\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir í töflunni miðast við janúar - desember.

Í töflu 3 má sjá greiningu á veltufé frá rekstri Aðalsjóðs frá ársbyrjun 2002 til júníloka 2006. Glöggst sést að arður frá fyrirtækjum borgarinnar vegur mjög þungt í veltufé frá rekstri og þá hefur Aðalsjóður umtalsverðar tekjur í ábyrgðarþóknun vegna Landsvirkjunar og Orkuveitu Reykjavíkur. Þegar tekið er tillit til þessara liða má sjá að annar rekstur Aðalsjóðs er að taka til sín veltufé að fjárhæð 1,2 milljarðar kr. á fyrstu sex mánuðum ársins 2006. Ef tekið er saman tímabilið frá ársbyrjun 2002 til júníloka 2006 þá er uppsafnað veltufé frá rekstri 7,9 milljarðar kr.

Mynd 13: Þróun veltuffjár frá rekstri Aðalsjóðs (á verðlagi í júní 2006):



\*Janúar - júní 2006. Aðrar fjárhæðir á myndinni miðast við janúar - desember.

Á mynd 13 er búið að draga arðstekjur, ábyrgðarþóknun og söluhagnað verðbréfa út úr veltufé frá rekstri og þannig fengin stærð sem hér er kölluð „leiðrétt veltufé“. Tilgangurinn með þessari nálgun er að reyna að nálgast hvað hefðbundinn rekstur Aðalsjóðs er að skila. Þá sýna uppsafnaðar fjárhæðir fyrir tímabilið að „leiðrétt veltufé“ er neikvætt um 0,8 milljarða kr., eða 8,7 milljörðum kr. lakari niðurstaða en uppsafnað veltufé er áður en leiðrétt er fyrir áður nefndum rekstrarliðum.

## 5.4 Efnahagsreikningur


Tafla 5: Þróun eiginfjárlutfalls og veltufjárlutfalls Aðalsjóðs:

	2002	2003	2004	2005	2006*
Eiginfjárlutfall .....	54,3%	44,4%	39,4%	34,6%	38,6%
Veltufjárlutfall .....	2,08	1,21	2,03	1,99	1,20

\* 30. júní 2006. Önnur hlutföll á myndinni miðast við 31. desember.

Í töflu 5 má sjá þróun eiginfjár- og veltufjárlutfalls Aðalsjóðs frá árinu 2002 til júníloka 2006. Fram kemur að eiginfjárlutfall Aðalsjóðs fer úr ríflega 54% í árslok 2002 í tæp 39% í júnílok 2006. Það svarar til þess að eiginfjárlutfallið hafi lækkað um tæplega 29% á umræddu tímabili. Skýring þessa felst í taprekstri undanfarinna ára. Þá lækkar veltufjárlutfall úr 2,08 í 1,20 á sama tímabili eða um 42%. Á mynd 14 kemur þróun eiginfjárlutfalls Aðalsjóðs fram.

Mynd 14: Þróun eiginfjárlutfalls Aðalsjóðs:



\* 30. júní 2006. Önnur hlutföll á myndinni miðast við 31. desember.

Taprekstur Aðalsjóðs á árunum 2002 til 2005 orsakar lækkandi eiginfjárlutfall. Hlutfallið hækkar nokkuð á fyrri hluta ársins 2006, enda er þá verulegur hagnaður af rekstri Aðalsjóðs m.a. vegna gengisþróunar.


## 5.5 Málaflokkayfirlit

### 5.5.1 Þróun á rekstri málaflokka 2002 til 2005

Í þessum kafla er farið yfir þróun helstu málaflokka hjá Aðalsjóði Reykjavíkurborgar og hversu hátt hlutfall skatttekna fer til þeirra. Jafnframt verður litið til samanburðarsveitarfélaga í þessu sambandi. Upplýsingar eru unnar úr rafrænum gagnagrunni Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Á mynd 14 er sýnd þróun fjögurra stærstu málaflokka Aðalsjóðs í hlutfalli af skatttekjum frá árinu 2002 til ársins 2005. Þeir málaflokkar sem taka til sín mest af skatttekjum Aðalsjóðs eru fræðslu- og uppeldismál, félagsþjónusta og æskulýðs- og íþróttamál. Hlutfall stærsta málaflokksins, fræðslu- og uppeldismála, lækkar á tímabilinu úr ríflega 51% í tæplega 50%.

**Mynd 14: Rekstur stærstu málaflokkanna sem hlutfall af skatttekjum 2002-2005:**




Rétt er að taka það fram að hækkun á lífeyrisskuldbindingu er færð meðal sameiginlegs kostnaðar.

### 5.5.2 Samanburður við önnur sveitarfélög á rekstri málaflokka árið 2005

Á mynd 15 er settur fram samanburður stærstu málaflokka Aðalsjóðs Reykjavíkurborgar árið 2005 við Aðalsjóð Hafnarfjarðarbæjar, Kópavogsbæjar og Akureyrarbæjar. Fræðslu- og uppeldismál taka til sín um 50% af skatttekjum Aðalsjóðs og er það hlutfall lægst hjá Reykjavíkurborg í samanburði við hin sveitarfélögin.

Mynd 15: Hlutfall málaflokka af skatttekjum árið 2005:



Sameiginlegur kostnaður hjá Reykjavíkurborg á árinu 2005 var um 18,6% af skatttekjum ársins 2005 sem er umtalsvert hærra hlutfall en hjá samanburðarsveitarfélögunum. Meginskýring þess er að hlutfallsleg hækkun lífeyrisskuldbindingar er talsvert hærri hjá Reykjavíkurborg en hinum sveitarfélögum á árinu. Ef hækkun lífeyrisskuldbindingar er tekin út er þetta hlutfall 6,9% af skatttekjum sem er sama hlutfall og hjá Kópavogi. Í Hafnarfirði og á Akureyri er hlutfallið í kringum 6,1% ef leiðrétt er fyrir hækkun lífeyrisskuldbindingar. Einnig er rétt að geta þess að sveitarfélög skipta sameiginlegum kostnaði út á aðra málaflokka og sjóði. Ólíkar aðferðir sveitarfélaganna við þessa útskiptingu geta haft áhrif á þennan samanburð.




## 6 Samanburður við önnur sveitarfélög

Í þessum kafla eru helstu lykilstærðir rekstrar A hluta Reykjavíkurborgar settar í samhengi við sömu stærðir annarra sveitarfélaga. Eins og áður er getið eru sveitarfélögin Hafnarfjarðarbær, Kópavogur og Akureyri valin til samanburðar.

### 6.1 Rekstur og sjóðstreymi A hluta

Á mynd 16 sést þróun afkomu A hluta á íbúa frá árinu frá 2002 til 2005. Allar fjárhæðir eru á verðlagi í lok júní 2006.


Mynd 16: Afkoma A hluta pr. íbúa 2002-2005 (á verðlagi í júní 2006):



Afkoma A hluta Reykjavíkurborgar fer úr 11 þús. kr. tapi á íbúa á árinu 2002 í 1 þús. kr. tap á íbúa fyrir árið 2005. Þróun afkomu hjá samanburðarsveitarfélögunum er almennt sveiflukenndari á tímabilinu og má þar helst nefna Kópavog og Hafnarfjarðarbæ. Afkoma Hafnarfjarðarbæjar eykst mest á tímabilinu og er jákvæð um 95 þús. kr. á íbúa á árinu 2005.

Á mynd 17 er sýnd þróun veltufjár á íbúa frá rekstri A hluta fyrir tímabilið 2002 til 2005.

Mynd 17: Veltufé frá rekstri A hluta pr. íbúa 2002-2005 (á verðlagi í júní 2006):




Veltufé frá rekstri A hluta Reykjavíkurborgar fer úr 35 þús. kr. á íbúa á árinu 2002 í 38 þús. kr. á íbúa á árinu 2005. Mesta aukning veltufjár á umræddu tímabili er hjá Hafnarfjarðarbæ, þar eykst það úr 7 þús. kr. á íbúa í 32 þús. kr. á íbúa frá árinu 2002 til ársins 2005.

## 6.2 Efnahagur A hluta

Á mynd 18 er farið yfir peningalega stöðu A hluta Reykjavíkurborgar og þróun árána 2002 til 2005. Jafnframt er sú þróun borin saman við önnur sveitarfélög.

Mynd 18: Peningaleg staða A hluta pr. íbúa 2002-2005 (á verðlagi í júní 2006 án skuldbindinga):



Hér er um að ræða peningalega stöðu, þ.e. allar skuldir utan lífeyrisskuldbindinga að frádregnum veltufjármunum og langtímakröfum. Samkvæmt þessari samantekt er lakasta staðan hjá Hafnarfjarðarbæ en þar er neikvæð peningaleg staða á íbúa 318 þús. kr. í árslok 2005. Hjá Reykjavíkurborg er neikvæð peningaleg staða á íbúa á sama tíma 48 þús. kr. sem er nánast sama staða og í árslok 2002, en þá var staðan 46 þús. kr. á íbúa.

## 7 Framvinda fjárhagsáætlana

### 7.1 Inngangur

Samkvæmt ákvæðum 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 skal sveitarstjórn afgreiða fjárhagsáætlun næsta árs fyrir desemberlok. Fjárhagsáætlunin „... skal vera meginregla um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins á viðkomandi reikningsári. Við gerð fjárhagsáætlunar skal hafa hliðsjón af fjárhagslegri stöðu sveitarsjóðs og stofnana sveitarfélagsins.“ (2. mgr. 61. gr. laga nr. 45/1998) Samkvæmt ákvæðum 63. gr. laganna ber sveitarstjórnnum einnig að afgreiða þriggja ára áætlun sem skal vera rammi um áætlunir sveitarfélagsins.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur árlega afgreitt fjárhagsáætlun og þriggja ára áætlun. Hluti af þessum áætlunum eru ítarlegar upplýsingar um forsendur og markmið. Áætlanirnar eru greindar niður á sjóði, málaflokka og einstakar rekstrareiningar borgarinnar. Í áætlunum er gert grein fyrir þeirri hagræðingarkröfu sem gerð er til rekstursins á hverjum tíma.

Í greiningu þessari er rýnt í framvindu þeirra áætlana sem borgarstjórn hefur samþykkt fyrir einstök ár. Nær þessi greining til árána 2004, 2005 og 2006. Einnig er fjallað um þær áætlunir sem borgarstjórn hefur samþykkt til næstu ára. Fjárhæðir í umfjöllun um framvindu fjárhagsáætlana eru allar birtar á verðlagi þeirrar áætlunar eða þess ársreiknings sem vísað er til.

Það skal tekið fram að áætlunir geta tekið breytingum vegna breyttra forsenda eða ákvarðana sem teknar eru á milli þess sem áætlunir um tekjuöflun, ráðstöfun fjármuna og fjármálastjórn tiltekins árs eru afgreiddar. Umfjöllun í þessari skýrslu nær ekki til greiningar á því hvaða forsendur breytast milli áætlana eða hvaða ákvarðanir hafa verið teknar sem leiða til breytinga á áætlunum.

### 7.2 Áætlunir fyrir árið 2004

#### 7.2.1 A hluti – áætlunir fyrir árið 2004

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A hluta samkvæmt áætlunum fyrir árið 2004 eru settar fram í töflu 6. Í töflunni koma fram upplýsingar um áætlun fyrir árið 2004 í þriggja ára áætlun 2003-2005 og þriggja ára áætlun 2004-2006. Einnig upplýsingar úr samþykkttri fjárhagsáætlun fyrir árið 2004 og endanlegri fjárhagsáætlun með samþykktum tilfærslum og aukafjárveitingum sem er þannig birt til samanburðar í ársreikningi 2004. Í aftasta dálki töflunnar koma fram upplýsingar um rauntölur skv. ársreikningi 2004.

Þriggja ára áætlun 2002-2004 var sett fram í samræmi við eldri reikningsskilaaðferðir sveitarfélaga og er þess vegna ekki fjallað um fjárhæðir úr þeirri áætlun.

Tafla 6: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2004 (í milljónum kr.):

	2003-2005	2004-2006	2004 (1)	2004 (2)	Ársreikn.
Rekstrartekjur .....	37.209	35.951	37.714	37.852	37.401
Rekstrargjöld .....	( 31.964 )	( 35.599 )	( 38.394 )	( 38.793 )	( 40.525 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 671 )	1.773	1.825	1.825	3.049
Rekstrarniðurstaða .....	4.573	2.124	1.145	885	( 74 )
Veltufé frá rekstri .....	5.336	5.168	3.450	3.190	3.832
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 4.903 )	( 5.646 )	( 3.467 )	( 3.207 )	( 3.480 )
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 351 )	885	575	575	354

2004(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2004.


2004(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2004.

Við skoðun á upplýsingum í töflunni kemur fram að áætlaðar tekjur A hluta breytast ekki mikið milli áætlana og eru í ágætu samræmi við rauntölu í ársreikningi. Rekstrargjöld hækka hins vegar jafnt og þétt eftir því sem líður nær í tíma. Áætlun fyrir árið 2004 í þriggja ára áætlun 2003-2005 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur A hluta séu um 5,2 milljarðar kr. umfram rekstrargjöld. Samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2004 eru rekstrargjöld 3,1 milljarður kr. umfram rekstrartekjur. Samkvæmt þessu er ljóst að þau rekstrarmarkmið sem sett voru í þriggja ára áætlunum fyrir árið 2004 náðust ekki.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld breytast einnig allnokkuð en rétt er að taka fram að við áætlanagerð er ekki gerð tilraun til að áætla fyrir gengismun. Gengismunur A hluta skv. ársreikningi 2004 er 1,1 milljarður kr. og skýrir það umtalsvert frávik í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum milli endanlegrar áætlunar fyrir árið 2004 og ársreiknings. Hækkun lífeyrisskuldbindingar var vanáætluð um 1,8 milljarða kr. í sömu áætlun og skýrir það að mestu leyti frávik í rekstrargjöldum.

Áætluðum fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum hefur verið breytt milli áætlana en eru þær breytingar ekki verulegar. Samanburður á áætlaðri rekstrarniðurstöðu og veltufé frá rekstri er settur fram á mynd 19.

Mynd 19: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2004:



2004(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2004.  
2004(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2004.

## 7.2.2 A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2004

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A og B hluta samkvæmt áætlunum fyrir árið 2004 eru settar fram í töflu 7 með sambærilegum hætti og fyrir A hluta.

Tafla 7: Framvinda fjárhagsáætlana A og B hluta fyrir árið 2004 (í milljónum kr.):

	2003-2005	2004-2006	2004 (1)	2004 (2)	Ársreikn.
Rekstrartekjur .....	51.143	53.981	55.502	56.009	56.136
Rekstrargjöld .....	( 44.655 )	( 51.330 )	( 54.119 )	( 54.665 )	( 56.247 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.498 )	( 1.196 )	( 1.410 )	( 1.142 )	5.195
Rekstramiðurstaða .....	3.991	1.456	( 27 )	202	5.084
Veltufé frá rekstri .....	9.919	10.069	7.700	7.826	8.722
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 13.549 )	( 17.120 )	( 16.118 )	( 14.439 )	( 14.408 )
Fjármögnunarahreyfingar .....	3.902	7.490	8.915	6.758	5.971

2004(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2004.  
2004(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2004.

Samkvæmt upplýsingum sem koma fram í töflunni hækka áætlaðar tekjur ársins talsvert milli áætlana fyrir A og B hluta. Hækkunin er 5,0 milljarðar kr. frá fyrstu áætlun til endanlegrar áætlunar sem er í ágætu samræmi við rekstrartekjur skv. ársreikningi 2004.

Áætluð rekstrargjöld A og B hluta hækka mun meira en áætlaðar rekstrartekjur. Hækkun áætlaðra rekstrargjalda milli áætlana nemur 10,0 milljörðum kr. frá fyrstu áætlun sem birt er í töflunni til endanlegrar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2004. Rekstrargjöld skv. ársreikningi 2004 fara svo 1,6 milljarða kr. fram úr endanlegri fjárhagsáætlun. Samkvæmt þessu er ljóst að þau rekstrarmarkmið sem sett voru í þriggja ára áætlunum A og B hluta fyrir árið 2004 náðust ekki.

Áætluðum fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum A og B hluta fyrir árið 2004 hefur verið breytt milli áætlana en eru þær breytingar ekki verulegar.

## 7.3 Áætlanir fyrir árið 2005

### 7.3.1 A hluti – áætlanir fyrir árið 2005

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A hluta samkvæmt áætlunum og ársreikningi fyrir árið 2005 eru settar fram í töflu 8 með sambærilegum hætti og fyrir árið 2004.

Tafla 8: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2005 (í milljónum kr.):

	2003-2005	2004-2006	2005-2007	2005 (1)	2005 (2)	Ársreikn.
Rekstrartekjur .....	39.078	37.842	37.617	41.084	41.564	41.877
Rekstrargjöld .....	( 33.288 )	( 37.341 )	( 38.029 )	( 42.825 )	( 44.170 )	( 44.762 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ( 665 )	1.792	1.678	1.831	1.831	1.831	2.761
Rekstrarniðurstaða .....	5.125	2.294	1.266	90	( 776 )	( 125 )
Veltufé frá rekstri .....	5.884	5.523	3.519	3.858	2.991	4.046
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 4.295 )	( 4.094 )	( 2.998 )	( 2.372 )	( 2.604 )	( 2.601 )
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 1.629 )	( 956 )	( 485 )	( 1.352 )	0	8

2005(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2005.


2005(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2005.

Samkvæmt upplýsingum sem settar eru fram í töflunni lækka áætlaðar tekjur ársins 2005 nokkuð milli þriggja ára áætlunar 2003-2005 og þriggja ára áætlunar 2004-2006 en hækka aftur í fjárhagsáætlun fyrir árið 2005. Rekstrargjöld hækka hins vegar jafnt og þétt eftir því sem líður nær í tíma. Áætlun fyrir árið 2005 í þriggja ára áætlun 2003-2005 gerir ráð fyrir að rekstrartekjur A hluta séu um 5,8 milljarðar kr. umfram rekstrargjöld, en samkvæmt ársreikningi fyrir árið 2005 voru rekstrargjöld 2,9 milljarðar kr. umfram rekstrartekjur. Samkvæmt þessu er ljóst að þau rekstrarmarkmið sem sett voru í þriggja ára áætlunum fyrir árið 2005 náðust ekki.

Áætlun um fjármunatekjur og fjármagnsgjöld breytast einnig allnokkuð milli áætlana. Gengishagnaður A hluta skv. ársreikningi 2005 er 0,7 milljarðar kr. og skýrir það að hluta frávik í fjármunatekjum og fjármagnsgjöldum milli endanlegrar áætlunar fyrir árið 2005 og ársreiknings. Hækkun lífeyrisskuldbindingar var vanáætluð um 1,3 milljarðar kr. í sömu áætlun.

Samanburður á áætlaðri rekstrarniðurstöðu og veltufé frá rekstri er settur fram á mynd 20.

Mynd 20: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2005:



2005(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2005.

2005(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2005.

### 7.3.2 A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2005

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A og B hluta samkvæmt áætlunum fyrir árið 2005 eru settar fram í töflu 9 með sambærilegum hætti og fyrir A hluta.

Tafla 9: Framvinda fjárhagsáætlana A og B hluta fyrir árið 2005 (í milljónum kr.):

	2003-2005	2004-2006	2005-2007	2005 (1)	2005 (2)	Ársreikn.
Rekstrartekjur .....	53.758	56.824	55.996	60.787	61.854	63.087
Rekstrargjöld .....	( 46.736 )	( 53.914 )	( 54.147 )	( 60.160 )	( 61.150 )	( 61.263 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	( 2.576 )	( 1.443 )	( 1.200 )	( 1.083 )	( 1.120 )	3.316
Rekstrarniðurstaða .....	4.446	1.467	649	( 456 )	( 417 )	5.140
Veltufé frá rekstri .....	10.658	10.588	8.106	8.674	8.282	10.357
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 12.089 )	( 12.957 )	( 15.491 )	( 17.544 )	( 17.272 )	( 18.493 )
Fjármögnunarhreyfingar .....	1.526	2.869	7.371	9.047	9.723	9.943

2005(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2005.

2005(2) - Endanleg fjárhagsáætlun 2005.

Samkvæmt upplýsingum sem koma fram í töflunni hækka áætlaðar tekjur ársins talsvert milli áætlana fyrir A og B hluta. Hækkunin er 8,1 milljarður kr. frá fyrstu áætlun til endanlegrar



áætlunar. Rekstrartekjur skv. ársreikningi 2005 eru 1,2 milljarðar kr. hærrí en endanleg áætlun gerði ráð fyrir.

Áætlun rekstrargjöld A og B hluta fyrir árið 2005 hækka mun meira en áætlaðar rekstrartekjur. Hækkun áætlaðra rekstrargjalda milli áætlana nemur 14,4 milljörðum kr. frá fyrstu áætlun sem birt er í töflunni til endanlegrar fjárhagsáætlunar fyrir árið 2005. Rekstrargjöld skv. ársreikningi 2005 eru í ágætu samræmi við endanlega fjárhagsáætlun. Samkvæmt þessu er ljóst að þau rekstrarmarkmið sem sett voru í þriggja ára áætlunum A og B hluta fyrir árið 2005 náðust ekki frekar en fyrir árið 2004.

## 7.4 Áætlanir fyrir árið 2006

### 7.4.1 A hluti – áætlanir fyrir árið 2006

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A hluta samkvæmt áætlunum fyrir árið 2006 eru settar fram í töflu 10 með sambærilegum hætti og fyrir árið 2004 og 2005.

Tafla 10: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2006 (í milljónum kr.):

	2004-2006	2005-2007	2006-2008	2006 (1)	2006 (2)
Rekstrartekjur .....	40.133	37.752	41.750	45.345	47.039
Rekstrargjöld .....	( 39.201 )	( 38.313 )	( 42.475 )	( 45.753 )	( 47.102 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	1.860	1.743	1.704	1.772	1.772
Rekstrarniðurstaða .....	2.792	1.183	979	1.364	1.709
Veltufé frá rekstri .....	6.209	3.759	3.367	4.485	3.339
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 4.839 )	( 2.879 )	( 2.104 )	4.376	5.558
Fjármögnunarhreyfingar .....	( 858 )	( 800 )	( 1.000 )	( 8.748 )	( 8.068 )


2006(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2006.

2006(2) - Fjárhagsáætlun 2006 með áorðunum breytingum, birt í árshlutareikningi.

Samkvæmt þessari samantekt hefur áætlun um rekstrartekjur og rekstrargjöld A hlutans fyrir árið 2006 verið hækkuð talsvert við gerð fjárhagsáætlunar miðað við það sem gert var ráð fyrir í þriggja ára áætlunum. Áætlaður munur milli rekstrartekna og rekstrargjalda A hlutans hefur ekki breyst jafn mikið og milli áætlana fyrir árin 2004 og 2005.

Töluverðar breytingar hafa verið gerðar á áætlunum fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum milli áætlunar. Í fyrstu áætluninni sem er birt í töflunni er gert ráð fyrir 4,8 milljarða kr. útstreymi handbærs fjár vegna fjárfestinga. Í áætluninni sem birt er með árshlutareikningnum 30. júní 2006 er aftur á móti gert ráð fyrir innstreymi handbærs fjár vegna fjárfestinga að fjárhæð 5,6 milljarðar kr. Stórum hluta af þessari breytingu er gert ráð fyrir að ráðstafa til útstremis handbærs fjár í fjármögnunarhreyfingum.

Mynd 21: Framvinda fjárhagsáætlana A hluta fyrir árið 2006:



2006(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2006.

2006(2) - Fjárhagsáætlun 2006 með áorðunum breytingum, birt í árshlutareikningi.

#### 7.4.2 A og B hluti – áætlanir fyrir árið 2006

Helstu stærðir úr rekstrarreikningi og sjóðstreymi A og B hluta samkvæmt áætlunum fyrir árið 2006 eru settar fram í töflu 11 með sambærilegum hætti og fyrir árið 2004 og 2005.

Tafla 11: Framvinda fjárhagsáætlana A og B hluta fyrir árið 2006 (í milljónum kr.):

	2004-2006	2005-2007	2006-2008	2006 (1)	2006 (2)
Rekstrartekjur .....	60.581	57.308	62.579	68.103	69.798
Rekstrargjöld .....	( 56.487 )	( 54.992 )	( 60.422 )	( 64.241 )	( 65.589 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.042 )	( 1.100 )	( 842 )	( 2.041 )	( 2.042 )
Rekstramiðurstaða .....	2.052	1.216	1.315	1.821	2.167
Veltufé frá rekstri .....	11.689	9.185	8.862	10.194	9.048
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 11.893 )	( 12.989 )	( 11.466 )	( 21.498 )	( 20.316 )
Fjármögnunargreyfingar .....	978	4.599	3.064	11.540	12.220

2006(1) - Upphafleg fjárhagsáætlun 2006.

2006(2) - Fjárhagsáætlun 2006 með áorðunum breytingum, birt í árshlutareikningi.

Samkvæmt þessari samantekt hefur áætlun um rekstrartekjur og rekstrargjöld A og B hluta fyrir árið 2006 verið hækkuð talsvert við gerð fjárhagsáætlunar miðað við það sem gert var ráð fyrir í

Þriggja ára áætlunum. Áætlaður munur milli rekstrartekna og rekstrargjalda A hlutans hefur ekki breyst jafn mikið og milli áætlana fyrir árin 2004 og 2005.

Það vekur athygli að áætlað útstreymi handbærs fjár vegna fjárfestinga hækkar verulega við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2006 frá því sem gert var ráð fyrir í þriggja ára áætlunum. Nemur hækkunin 10,0 milljörðum kr.

## 7.5 Þriggja ára áætlun 2007-2009

Þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál Reykjavíkurborgar fyrir árin 2007 – 2009 var samþykkt á fundi borgarstjórnar hinn 21. febrúar 2006. Samkvæmt henni er áætlað að rekstrargjöld A hluta verði frá 1,2 til 1,6 milljörðum kr. umfram rekstrartekjur. Rekstrargjöld A hluta eru 3,1 milljarður kr. umfram rekstrartekjur skv. ársreikningi 2004 og 2,9 milljarðar kr. skv. ársreikningi 2005. Í áætlun fyrir árið 2006 er gert ráð fyrir að rekstrargjöld verði 63 milljónum kr. umfram rekstrartekjur.

**Tafla 12: Þriggja ára áætlun A hluta 2007-2009 (í milljónum kr.):**

	Ársreikn.	Áætlun	Þriggja ára áætlun		
	2005	2006 (2)	2007	2008	2009
Rekstrartekjur .....	41.877	47.039	45.879	46.936	47.132
Rekstrargjöld .....	( 44.762 )	( 47.102 )	( 47.387 )	( 48.178 )	( 48.728 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	2.761	1.772	1.803	1.840	1.941
Rekstrarniðurstaða .....	( 125 )	1.709	295	598	345
Veltufé frá rekstri .....	4.046	3.339	3.447	3.616	3.929
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 2.601 )	5.558	( 2.525 )	( 2.688 )	( 2.397 )
Fjármögnunarhreyfingar .....	8	( 8.068 )	( 800 )	( 941 )	( 1.573 )

2006(2) - Fjárhagsáætlun 2006 með áorðunum breytingum, birt í árshlutareikningi.

Samkvæmt framangreindri samantekt er gert ráð fyrir umtalsverðum bata á rekstri A hluta í núgildandi áætlunum fyrir næstu ár miðað við rekstur A hlutans síðustu ár.

Þriggja ára áætlun fyrir A og B hluta er sett fram í töflu 13.

Tafla 13: Þriggja ára áætlun A og B hluta 2007-2009 (í milljónum kr.):

	Ársreikn.	Áætlun	Þriggja ára áætlun		
	2005	2006 (2)	2007	2008	2009
Rekstrartekjur .....	63.087	69.798	70.819	72.826	74.462
Rekstrargjöld .....	( 61.263 )	( 65.589 )	( 67.381 )	( 68.386 )	( 69.486 )
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	3.316	( 2.042 )	( 1.863 )	( 2.205 )	( 2.378 )
Rekstrarniðurstaða .....	5.140	2.167	1.575	2.235	2.598
Veltufé frá rekstri .....	10.357	9.048	10.299	11.014	12.177
Fjárfestingarhreyfingar .....	( 18.493 )	( 20.316 )	( 20.837 )	( 22.244 )	( 28.548 )
Fjármögnunarhreyfingar .....	9.943	12.220	10.620	12.243	17.715

2006(2) - Fjárhagsáætlun 2006 með áorðunum breytingum, birt í árshlutareikningi.

Í þessum þriggja ára áætlunum fyrir árin 2007-2009 er gert ráð fyrir ákveðinni hagræðingu í rekstri sem eðlilegt má telja. Þessi hagræðing sem gert er ráð fyrir er ekki skilgreind niður á einstök svið og rekstrareiningar. Hvort sú hagræðing sem gert er ráð fyrir næst fram verður tíminn að leiða í ljós. Sé tekið mið af framvindu áætlana fyrir síðustu ár hafa áform um hagræðingu ekki náð fram að ganga.